

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/36/EB

2008/EES/38/24

frá 21. apríl 2004

um öryggi loftfara frá þriðju löndum sem nota flugvelli Bandalagsins (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

samþykktina um alþjóðaflugmál sem undirrituð var í Chicago 7. desember 1944 („Chicago-samþykktin“).

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 26. febrúar 2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ályktun um flugslys undan strönd Dóminíska lýðveldisins, sem Evrópuþingið samþykkti 15. febrúar 1996 ⁽⁴⁾, er lögð áhersla á nauðsyn þess að Bandalagið taki virkari afstöðu og móti áætlun til að auka öryggi borgara sem ferðast með flugi eða búa nálægt flugvöllum.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur sent orðsendingu til Evrópuþingsins og ráðsins sem ber yfirskriftina „Skilgreining á áætlun Bandalagsins til að auka flugöryggi“.
- 3) Í þessari orðsendingu kemur skýrt fram að auka megi öryggi til muna með því að tryggja að loftfar uppfylli að fullu alþjóðlega öryggisstaðla í viðaukunum við

- 4) Til að ákvarða og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu skal innleiða samhæfða nálgun á skilvirkri framkvæmd alþjóðlegra öryggisstaðla innan Bandalagsins. Í því skyni er nauðsynlegt að samræma reglur og aðferðir við skoðun á hlaði á loftförum frá þriðja landi sem lenda á flugvöllum í aðildarríkjunum.

- 5) Samræmd nálgun aðildarríkjanna við skilvirka framkvæmd alþjóðlegra öryggisstaðla kemur í veg fyrir röskun á samkeppni. Sameiginleg afstaða gagnvart loftförum frá þriðja landi, sem uppfylla ekki alþjóðlega öryggisstaðla, kemur aðildarríkjunum í hagstæðari stöðu.

- 6) Loftför, sem lenda á flugvöllum í aðildarríkjunum, skulu tekin í skoðun ef grunur leikur á um að þau uppfylli ekki alþjóðlega öryggisstaðla.

- 7) Einnig geta þessar skoðanir farið fram í samræmi við verklagsreglur um skyndiskoðun án þess að fyrir liggi einhverjar grunsemdir, að því tilskildu að farið sé að lögum Bandalagsins og alþjóðalögum. Mikilvægt er að skoðanirnar fari fram án mismununar.

- 8) Herða skal reglur um skoðanir ef um er að ræða loftför þar sem gallar hafa oft greinst áður eða loftför sem tilheyra flugrekendum með loftför sem athygli hefur oft beinst að.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10, 23.2.2006, bls. 24.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB C 103 E, 30.4.2002, bls. 351.

⁽²⁾ Stjtuð. EB C 241, 7.10.2002, bls. 33.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2002 (Stjtuð. ESB C 272 E, 13.11.2003, bls. 343), sameiginleg afstaða ráðsins frá 13. júní 2003 (Stjtuð. ESB C 233 E, 30.09.2003, bls.12) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. október 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Lagaályktun Evrópuþingsins frá 1. apríl 2004 og ákvörðun ráðsins frá 30. mars 2004.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB C 65, 4.3.1996, bls. 172.

- 9) Upplýsingar, sem safnað er í hverju aðildarríki, skulu gerðar aðgengilegar öllum öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni til að tryggja öflugt eftirlit með því að loftför frá þriðja landi uppfylli alþjóðlega öryggisstaðla.

- 10) Af þeim sökum er nauðsynlegt að fastsetja á vettvangi Bandalagsins málsmeðferð til að meta loftför frá þriðja landi og tengt samstarfsfyrirkomulag á milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna við að skiptast á upplýsingum.
- 11) Öryggistengdar upplýsingar eru viðkvæmar og því þurfa aðildarríkin að grípa til nauðsynlegra ráðstafana í samræmi við alþjóðalög til að tryggja viðeigandi leynd upplýsinganna sem þeim berast.
- 12) Með fyrirvara um rétt almennings til aðgangs að skjölum framkvæmdastjórnarinnar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾, skal framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstafanir og tengd skilyrði um miðlun slíkra upplýsinga til hagsmunaaðila.
- 13) Setja skal flugbann á loftför, ef þörf er á ráðstöfunum til úrbóta og ljóst er að annmarkar, sem koma á ljós, stofna öryggi í hættu, þar til alþjóðlegir öryggisstaðlar hafa verið uppfylltir.
- 14) Aðstaða á flugvelli, þar sem skoðun fer fram, kann að vera þannig að lögbær yfirvöld verða að heimila loftfari að fljúga áfram til viðeigandi flugvallar, að því tilskildu að skilyrði fyrir áframhaldandi flugi séu uppfyllt.
- 15) Til að geta annast verkefni sín samkvæmt þessari tilskipun skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndar sem komið var á fót með 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála⁽²⁾.
- 16) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽³⁾.
- 17) Framkvæmdastjórnin skal láta nefndinni, sem komið var á fót skv. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3922/91, í té tölfræðilegar upplýsingar og gögn sem safnað er í samræmi við aðrar ráðstafanir Bandalagsins um tiltekin flugatvik sem geta skipt máli við að greina annmarka sem stofna öryggi í almenningsflugi í hættu.
- 18) Nauðsynlegt er að hafa hliðsjón af samstarfsfyrirkomulagi og upplýsingaskiptum sem eiga sér stað innan ramma Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) og Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC). Enn fremur skal nýta til hins ýtrasta fyrirbyggjandi sérfræðikunnáttu í tengslum við verklagsreglur við öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA).
- 19) Taka skal tillit til hlutverks Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) við mótnun stefnu í öryggismálum í almenningsflugi, þ.m.t. ákvörðun málsmeðferðar sem miðar að því að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu.
- 20) Tilhögun aukins samstarfs um notkun flugvallarins á Gíbraltar var samþykkt í Lundúnum 2. desember 1987 af Konungsríkinu Spáni og Breska konungsríkinu í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra beggja landanna en þessi tilhögun er ekki enn komin til framkvæmda.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið og markmið

1. Innan ramma heildaráætlunar Bandalagsins um að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu er með þessari tilskipun innleidd samhæfð nálgun á skilvirkri framkvæmd alþjóðlegra staðla innan Bandalagsins með því að samræma reglur og verklagsreglur við skoðun á hlaði á loftförum frá þriðja landi sem lenda á flugvöllum í aðildarríkjunum.

2. Þessi tilskipun er með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að láta fara fram skoðanir, sem ekki er fjallað um í þessari tilskipun, og setja flugbann á, meina eða setja skilyrði fyrir landingu allra loftfara á flugvöllum þeirra í samræmi við lög Bandalagsins og alþjóðalög.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1592/2002 Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtuð. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

3. Ríkisloftför, eins og þau eru skilgreind í Chicago-samþykktinni, með hámarksflugtaksþyngd undir 5 700 kg og sem eru ekki notuð í flutningaflugi, eru undanskilin gildissviði þessarar tilskipunar.

4. Beiting þessarar tilskipunar gagnvart flugvælinum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Breska konungsríkisins að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er.

5. Beitingu þessarar tilskipunar gagnvart flugvælinum á Gíbraltar er frestað þar til tilhögunin, sem kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Konungsríkisins Spánar og Breska konungsríkisins frá 2. desember 1987, er komin til framkvæmda. Ríkisstjórnir Spánar og Breska konungsríkisins munu tilkynna ráðinu um dagsetningu þeirrar framkvæmdar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „flugbann“: formlegt bann við því að loftfar yfirgefi flugvöll og nauðsynlegar ráðstafanir til að kyrrsetja það,
- b) „alþjóðlegir öryggisstaðlar“: öryggisstaðlar í Chicago-samþykktinni og viðaukum hennar sem eru í gildi þegar skoðunin fer fram,
- c) „skoðun á hlaði“: rannsókn á loftfari frá þriðja landi í samræmi við ákvæði II. viðauka,
- d) „loftfar frá þriðja landi“: loftfar sem er ekki notað eða starfrækt undir eftirliti lögbærs yfirvalds aðildarríkis.

3. gr.

Söfnun upplýsinga

Aðildarríkin skulu koma á kerfi til að safna hvers kyns upplýsingum sem teljast gagnlegar til að ná markmiðinu sem greint er frá í 1. gr., þ.m.t.:

- a) mikilvægar öryggisupplýsingar sem eru aðgengilegar í:

— flugmannsskýrslum,

— skýrslum frá viðhaldsfyrirtækjum,

— skýrslum um flugatvik,

— öðrum fyrirtækjum sem eru óháð lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna,

— kvörtunum,

- b) upplýsingar um aðgerðir sem gripið er til að lokinni skoðun á hlaði, eins og þegar:

— loftfar er sett í flugbann,

— loftfari eða flugrekanda er bannað að koma til viðkomandi aðildarríkis,

— krafist er úrbóta,

— komið er á sambandi við lögbært yfirvald flugrekanda,

- c) framhaldsupplýsingar um flugrekanda, eins og

— hvaða úrbætur eru gerðar,

— endurtekið ósamræmi.

Þessum upplýsingum skal haldið til haga með því að nota staðlað skýrslueyðublað sem inniheldur þau atriði sem fram koma á eyðublaðinu í I. viðauka.

4. gr.

Skoðun á hlaði

1. Hvert aðildarríki skal koma á viðeigandi úrræðum til að tryggja að þegar loftfar frá þriðja landi, sem grunur leikur á um að samræmist ekki alþjóðlegum öryggisstöðlum, lendir á einhverjum af flugvöllum þess sem annast alþjóðlega flugumferð, skuli fara fram skoðanir á hlaði. Þegar slík málsmeðferð er framkvæmd skal lögbært yfirvald veita loftfari sérstaka athygli.

— ef upplýsingar hafa borist um lélegt viðhald eða augljósar skemmdir eða galla,

— ef tilkynnt hefur verið að það sýni óeðlileg flugbrögð eftir að það kom inn í loftrými aðildarríkis sem hefur í för með sér alvarlegan öryggisvanda,

- ef annmarkar koma í ljós við skoðun á hlaði sem benda sterklega til þess að loftfarið uppfylli ekki alþjóðlega öryggisstaðla og aðildarríkið hefur efasemdir um að annmarkarnir hafi verið lagfærðir,
- ef vísbendingar eru um að lögbær yfirvöld skráningarlandsins annast ekki viðeigandi öryggisefirlit eða
- ef upplýsingar, sem safnað er skv. 3. gr., gefa tilefni til áhyggna af flugrekanda eða ef við fyrri skoðun loftfars á hlaði, sem sami flugrekandi notar, hafa komið í ljós annmarkar.

2. Aðildarríkin mega setja reglur um framfylgd skoðana á hlaði í samræmi við verklagsreglur um skyndiskoðun án þess að fyrir liggja einhverjar grunsemdir, að því tilskildu að slíkur reglur séu í samræmi við lög Bandalagsins og alþjóðalög. Þessar skoðanir skulu þó fara fram án mismununar.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að viðeigandi skoðanir á hlaði og aðrar eftirlitsráðstafanir, eins og ákveðið hefur verið innan ramma 3. mgr. 8. gr., fari fram.

4. Skoðun á hlaði skal fara fram í samræmi við verklagsreglur, sem lýst er í II. viðauka, og með því að nota skýrsluýðublað fyrir skoðun á hlaði sem inniheldur a.m.k. þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu í II. viðauka. Þegar skoðun á hlaði er lokið skal flugstjóra loftfarsins eða fulltrúa flugrekanda loftfarsins tilkynnt um niðurstöður skoðunarinnar og ef umtalsverðir annmarkar koma í ljós skal senda skýrsluna til flugrekanda loftfarsins og til hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda.

5. Þegar skoðun á hlaði fer fram samkvæmt þessari tilskipun skal hlutaðeigandi lögbært yfirvald gera allt sem í þess valdi stendur til að komast hjá því að loftfar, sem er til skoðunar, verði fyrir óeðlilegum tífum.

5. gr.

Upplýsingaskipti

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu taka þátt í gagnkvæmum skiptum á upplýsingum. Slíkar upplýsingar skulu, að beiðni lögbærs yfirvalds, fela í sér skrá yfir flugvelli í viðkomandi aðildarríki sem annast alþjóðlega flugumferð þar sem tilgreindur er fyrir hvert almanaksár fjöldi skoðana sem fara fram á hlaði og fjöldi flugtaka og lendingu loftfara frá þriðja landi á hverjum flugvelli í þessari skrá.

2. Allar staðlaðar skýrslur, sem um getur í 3. gr. og skýrslur um skoðanir á hlaði, sem um getur í 4. mgr. 4. gr., skulu tafarlaust látnar framkvæmdastjórninni í té og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnun Evrópu að beiðni þeirra.

3. Ef fram kemur í staðlaðri skýrslu að mögulega sé um að ræða ógnun við öryggi eða skoðun á hlaði sýnir að loftfar uppfylli ekki alþjóðlega öryggisstaðla og kunni mögulega að ógna öryggi skal senda skýrsluna án tafar til lögbærra yfirvalda í hverju aðildarríki og til framkvæmdastjórnarinnar.

6. gr.

Vernd og miðlun upplýsinga

1. Aðildarríki skulu, í samræmi við innlenda löggjöf, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi leynd upplýsinga sem þau fá skv. 5. gr. Þau skulu eingöngu nota þessar upplýsingar með hliðsjón af markmiði þessarar tilskipunar.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta árlega heildarupplýsinga-skýrslu sem er gerð aðgengileg almenningi og hagsmunaaðilum atvinnulífsins, og sem inniheldur greiningu á öllum upplýsingum sem berast í samræmi við 5. gr. Greiningin skal vera einföld og auðskiljanleg og skal hún upplýsa hvort öryggi flugfarþega sé stofnað í aukna hættu. Heimildir upplýsinganna í greiningunni skulu vera órekjanlegar.

3. Með fyrirvara um rétt almennings til aðgangs að skjölum framkvæmdastjórnarinnar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1049/2001, skal framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstafanir um að miðla upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og skilyrðum sem tengjast þeim, til hagsmunaaðila, að eigin frumkvæði og í samræmi við málsméðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. Þessar ráðstafanir, sem geta verið almennar eða sértækar, skulu byggjast á nauðsyn þess:

- að veita aðilum og fyrirtækjum nauðsynlegar upplýsingar til að þau geti aukið öryggi í almenningsflugi,

- að takmarka miðlun upplýsinga við það sem er alveg nauðsynlegt fyrir notendur þeirra með það fyrir augum að tryggja viðeigandi leynd þessara upplýsinga.

4. Þegar upplýsingar um annmarka á loftförum eru gefnar af frjálsum vilja skulu skýrslur um skoðanir á hlaði, sem um getur í 4. mgr. 4. gr. vera órekjanlegar að því er varðar heimildir upplýsinganna.

7. gr.

Flugbann á loftfar

1. Þegar alþjóðlegir öryggisstaðlar eru ekki uppfylltir, sem ljóst er að stofnar öryggi í hættu, skal flugrekandi loftfarsins gera ráðstafanir til að lagfæra annmarkana fyrir brottför þess. Ef lögbært yfirvald, sem annast skoðun á hlaði, hefur ekki fulla vissu um að úrbætur hafi verið gerðar fyrir brottför loftfarsins skal það setja loftfarið í flugbann þar til hættan er yfirstaðin og skal án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum um viðkomandi flugrekanda og skráningaraðildarríki loftfarsins.

2. Lögbært yfirvald aðildarríkis, sem annast skoðun á hlaði, má, í samvinnu við aðildarríkið, sem er ábyrgt fyrir starfsrækslu viðkomandi loftfars, eða skráningaraðildarríki loftfarsins, mæla fyrir um með hvaða nauðsynlegum skilyrðum loftfarinu er leyft að fljúga til flugvallar þar sem unnt er að lagfæra annmarkana. Ef annmarkinn hefur áhrif á gildistíma lofthæfisvottorðs loftfarsins má einungis aflétta flugbanninu ef flugrekandinn fær til þess heimild frá aðildarríkinu eða aðildarríkjunum sem flogið verður yfir í því flugi.

8. gr.

Ráðstafanir til að bæta öryggi og framkvæmdarráðstafanir

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir, sem gerðar eru til að hrinda kröfum 3., 4. og 5. gr. í framkvæmd.

2. Framkvæmdastjórnin má, á grundvelli upplýsinga sem safnað er skv. 1. mgr. og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr., gera allar viðeigandi ráðstafanir til að auðvelda framkvæmd 3., 4. og 5. gr., t.d. með því að:

- setja saman skrá yfir upplýsingar sem á að safna,
- greina nákvæmlega frá inntaki skoðana á hlaði og verklagsreglum um þær,
- skilgreina með hvaða sniði gögn eru geymd og þeim miðlað,
- koma á fót eða styðja viðeigandi aðila til að stýra eða nota nauðsynlegan búnað til að safna og skiptast á upplýsingum.

3. Á grundvelli upplýsinga sem eru tekið er við skv. 3., 4. og 5. gr. og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. má taka ákvörðun um viðeigandi skoðun á hlaði og aðrar eftirlitsráðstafanir, einkum þegar um er að ræða flugrekanda eða flugrekendur frá tilteknu þriðja landi, þar til lögbært yfirvald þess þriðja lands hefur samþykkt fullnægjandi ráðstafanir til að lagfæra annmarka.

4. Framkvæmdastjórnin má grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að vinna með og aðstoða þriðju lönd til að auka möguleika sína á að hafa eftirlit með öryggismálum í almenningssflugi.

9. gr.

Bann við eða skilyrði fyrir starfrækslu

Ef aðildarríki ákveður að banna tileknum flugrekanda eða flugrekendum frá þriðja landa að starfa á flugvelli þess eða setja skilyrði fyrir starfrækslu þeirra þar til tiltekið þriðja land hefur samþykkt fullnægjandi ráðstafanir til að lagfæra annmarka:

- a) skal það aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar eru og framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingarnar til hinna aðildarríkjanna,
- b) má framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 10. gr., koma með tilmæli og grípa til þeirra aðgerða sem hún telur nauðsynlegar. Hún má enn fremur útvíkka ráðstafanirnar, sem tilkynnt er um í a-lið, þannig að þær nái til Bandalagsins í heild eftir að lögð hafa verið fram drög að ráðstöfunum, sem gera á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót með 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3922/91.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

5. Framkvæmdastjórnin getur enn fremur haft samráð við nefndina um sérhvert málefni sem varðar beitingu þessarar tilskipunar.

11. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

12. gr.

Breyting á viðaukum

Heimilt er að breyta viðaukunum við þessa tilskipun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.,

13. gr.

Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu, eigi síðar en 30. apríl 2008, skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar, einkum 9. gr. hennar, þar sem m.a. er tekið tillit til þróunar í Bandalaginu og á alþjóðavettvangi. Skýrslunni geta fylgt tillögur um breytingu á tilskipuninni.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. Cox

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. Roche

forseti.

I. VIÐAUKI

Innlend flugmálayfirvöld (*heiti*)(*Ríki*)

Öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA)

Stöðluð skýrsla

¹Nr: _____²Heimild: Stöðluð skýrsla³Dagsetning: ⁴Staður:⁵(Ekki notað)⁶Flugrekandi: ⁷Númer flugrekandaskírteinis:⁸Ríki:⁹Flugleið frá ¹⁰Flugnúmer:¹¹Flugleið til ¹²Flugnúmer:¹³Leigt af flugrekanda*: ¹⁴Ríki leigtaka:

*(þar sem við á)

¹⁵Tegund loftfars ¹⁶Skrásetningarmerki:¹⁷Smíðanúmer:¹⁸Flugáhöfn: Ríki sem gefur út skírteini:¹⁹Athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

²⁰Ráðstafanir sem gerðar eru:

.....

.....

.....

.....

²¹(Ekki notað)²²Nafn samræmingaraðila²³Undirritun

II. VIÐAUKI

- I. Skoðun á hlaði skal taka til allra eftirfarandi þátta eða hluta þeirra, allt eftir því hve mikill tími er til umráða.
1. Eftirlit með því hvort tiltekin skjöl, sem eru nauðsynleg fyrir alþjóðlegt flug, eru fyrirbyggjandi og hvort þau eru gild, t.d. skráningarskírteini, leiðarflugbók, lofthæfivottorð, skírteini flugliða, talstöðvarskírteini, skrá yfir farþega og farm.
 2. Eftirlit með samsetningu flugáhafnar og að menntun og hæfi sé í samræmi við kröfur í 1. og 6. viðauka við Chicago-samþykktina (ICAO-viðaukana).
 3. Eftirlit með rekstrargögnum (fluggögnum, leiðarflugáætlun, tækniflugbók) og flugundirbúningi sem er nauðsynlegur til að flugið sé undirbúið í samræmi við ICAO-viðauka 6.
 4. Eftirlit með því að eftirfarandi þættir, sem krafist er fyrir alþjóðlega flugleiðsögu í samræmi við ICAO-viðauka 6, séu fyrir hendi og hver staða þeirra er:
 - flugrekandaskírteini,
 - hljóðstígs- og losunartorð,
 - rekstrarhandbók (þ.m.t. listi yfir lágmarksbúnað) og flughandbók,
 - öryggisbúnaður,
 - öryggisbúnaður í farþegarými,
 - búnaður sem er nauðsynlegur fyrir tiltekið flug, þ.m.t. fjarskiptabúnaður og fjarleiðsögubúnaður,
 - Flugriti.
 5. Eftirlit með ástandi loftfars og búnaði þess (þ.m.t. skemmdir og viðgerðir) tryggir að stöðlunum í ICAO-viðauka 8 sé fylgt að staðaldri.
- II. Gera skal skoðunarskýrslu að lokinni skoðun á hlaði og skal hún fela í sér staðlaðar, almennar upplýsingar, sem lýst er að framan, og skrá yfir atriði, sem hafa verið skoðuð, ásamt vísbendingu um annmarka sem staðfestir hafa verið fyrir hvert þessara atriða og/eða hvers kyns sérstökum athugasemdum sem kunna að vera nauðsynlegar.

Innlend flugmálayfirvöld (*heiti*)*(Ríki)*

Öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA)

Skýrsla um skoðun á hlaði

¹Nr: _____²Heimild: Skoðun á hlaði³Dagsetning: _____⁴Staður _____⁵Staðartími: _.:._⁶Flugrekandi: _._⁷Númer flugrekandaskírteinis:⁸Ríki: _⁹Flugleið frá _._¹⁰Flugnúmer: _____¹¹Flugleið til _._¹²Flugnúmer: _____¹³Leigt af flugrekanda*: _._¹⁴Ríki leigutaka: _

*(þar sem við á)

¹⁵Tegund loftfars _._¹⁶Skrásetningarmerki: _____¹⁷Smíðanúmer _____¹⁸Flugáhöfn: Ríki sem gefur út skírteini: _¹⁹Athugasemdir:

Kóði/staðlað/athugasemdir

.....

.....

.....

.....

²⁰Ráðstafanir sem gerðar eru:

.....

.....

.....

²¹Nafn skoðunarmanns: _____

Í þessari skýrslu er tilgreint það sem í ljós kom við skoðunina og skal það ekki túlkað sem staðfesting á því að loftfarið sé hæft fyrir fyrirhugað flug.

²²Nafn samræmingaraðila _____²³Undirritun _____

Innlend flugmálayfirvöld (heiti)

(Ríki)

Atriði	Skoðað	Athugasemd
A. Stjórnklefi		
Almennt		
1. Almenn ástand	1 <input type="text"/>	1 <input type="text"/>
2. Neyðarútgangur	2 <input type="text"/>	2 <input type="text"/>
3. Búnaður	3 <input type="text"/>	3 <input type="text"/>
Skjöl		
4. Handbækur	4 <input type="text"/>	4 <input type="text"/>
5. Gátlistar	5 <input type="text"/>	5 <input type="text"/>
6. Kort yfir fjarleiðsögu	6 <input type="text"/>	6 <input type="text"/>
7. Listi yfir lágmarksbúnað	7 <input type="text"/>	7 <input type="text"/>
8. Skráningarvottorð	8 <input type="text"/>	8 <input type="text"/>
9. Hljóðstígsvottorð (ef við á)	9 <input type="text"/>	9 <input type="text"/>
10. Flugrekandaskírteini eða sambærilegt	10 <input type="text"/>	10 <input type="text"/>
11. Talstöðvarskírteini	11 <input type="text"/>	11 <input type="text"/>
12. Lofthæfivottorð	12 <input type="text"/>	12 <input type="text"/>
Fluggögn		
13. Leiðarflugáætlun	13 <input type="text"/>	13 <input type="text"/>
14. Dreifing hleðslu	14 <input type="text"/>	14 <input type="text"/>
Öryggisbúnaður		
15. Handslökkvitæki	15 <input type="text"/>	15 <input type="text"/>
16. Björgunarvesti/flotbúnaður	16 <input type="text"/>	16 <input type="text"/>
17. Tygi	17 <input type="text"/>	17 <input type="text"/>
18. Súrefnistæki	18 <input type="text"/>	18 <input type="text"/>
19. Vasaljós	19 <input type="text"/>	19 <input type="text"/>
Flugáhöfn		
20. Flugáhöfn	20 <input type="text"/>	20 <input type="text"/>
Leiðarflugbók/tækniflugbók eða sambærilegt		
21. Leiðarflugbók	21 <input type="text"/>	21 <input type="text"/>
22. Viðhaldsvottorð	22 <input type="text"/>	22 <input type="text"/>
23. Frestun á viðgerð bilana	23 <input type="text"/>	23 <input type="text"/>
24. Fyrirflugsskoðun	24 <input type="text"/>	24 <input type="text"/>

Liður	Skoðað	Athugasemd
B. Öryggi/farþegarými		
1. Almenn innra ástand	1 <input type="text"/>	1 <input type="text"/>
2. Sæti þjónustuliða:	2 <input type="text"/>	2 <input type="text"/>
3. Sjúkrakassi/læknataska	3 <input type="text"/>	3 <input type="text"/>
4. Handslökkvitæki	4 <input type="text"/>	4 <input type="text"/>
5. Björgunarvesti/flotbúnaður	5 <input type="text"/>	5 <input type="text"/>
6. Öryggisbelti	6 <input type="text"/>	6 <input type="text"/>
7. Neyðarútgangur, ljósabúnaður og merkingar, handluktir.	7 <input type="text"/>	7 <input type="text"/>
8. Rennibrautir/björgunarbátar (eftir þörfum)	8 <input type="text"/>	8 <input type="text"/>
9. Súrefnisbirgðir (áhöfn og farþegar)	9 <input type="text"/>	9 <input type="text"/>
10. Öryggisleiðbeiningar	10 <input type="text"/>	10 <input type="text"/>
11. Nægur fjöldi þjónustuliða	11 <input type="text"/>	11 <input type="text"/>
12. Aðgangur að neyðarútgöngum	12 <input type="text"/>	12 <input type="text"/>
13. Öryggi farangurs farþega	13 <input type="text"/>	13 <input type="text"/>
14. Nóg sætaframboð	14 <input type="text"/>	14 <input type="text"/>
C. Ástand loftfars		
1. Almenn ytra ástand	1 <input type="text"/>	1 <input type="text"/>
2. Hurðir og lúgur	2 <input type="text"/>	2 <input type="text"/>
3. Stýri	3 <input type="text"/>	3 <input type="text"/>
4. Hjól og hjólbarðar	4 <input type="text"/>	4 <input type="text"/>
5. Undirvagn	5 <input type="text"/>	5 <input type="text"/>
6. Hjólahólf	6 <input type="text"/>	6 <input type="text"/>
7. Loftinntak og útblástursstútar	7 <input type="text"/>	7 <input type="text"/>
8. Blásarablöð	8 <input type="text"/>	8 <input type="text"/>
9. Loftskrúfur	9 <input type="text"/>	9 <input type="text"/>
10. Augljósar viðgerðir	10 <input type="text"/>	10 <input type="text"/>
11. Augljósar óviðgerðar skemmdir	11 <input type="text"/>	11 <input type="text"/>
12. Leki	12 <input type="text"/>	12 <input type="text"/>
D. Farmur		
1. Almenn ástand fragtrýmis	1 <input type="text"/>	1 <input type="text"/>
2. Hættulegur varningur	2 <input type="text"/>	2 <input type="text"/>
3. Öryggi farms um borð	3 <input type="text"/>	3 <input type="text"/>